

Slitög – malbik, áfangaskýrsla 2017 – apríl 2018. Pétur Pétursson, PP ráðgjöf.

Skýrslan fjallar um niðurstöður malbiksrannsókna ársins 2017. Fjallað er um fjóra verkþætti í skýrslunni, breytileika í framleiðslu og útlögn malbiks, prófanir á finefnum (filler), blöndun malbikskurls í óbundið burðalagsefni og könnun á notkun hitamyndavéla við útlögn malbiks.

Fyrsti verkþátturinn tengist því að fram hafa komið staðbundnar skemmdir á tiltölulega nýlegum malbikslögnum. Tekin voru sýni af framleiddu malbiki og þau greind á rannsóknastofu. Mæld var kornadreifing steinefnis, bifefnisinnihald auk rúmþyngdar og holrýmdar Marshall-kjarna. Mælingarnar voru gerðar á Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ), en auk þess gerðu framleiðendur mælingar á sínum sýnum hver fyrir sig. Almennt var ekki sá breytileiki í niðurstöðum mælinganna, að hægt sé að draga ályktun um að það geti skýrt hinar ótímabæru skemmdir. Hins vegar kom fram kerfisbundinn munur á niðurstöðum sumra mælinga eftir því hvar þær voru gerðar. Bent er á að full ástæða sé til að framleiðendur og NMÍ beri saman bækur sínar til að finna út hvernig stendur á þessum mun.

Í áfangaskýrslu um verkefnið fyrir árið 2016 var bent á að ástæða væri til að kanna frekar eiginleika finefna (fillers) í malbiki hérlendis og setja kröfur um þá. Það er ítrekað í þessari skýrslu. Greint er frá niðurstöðum ýmissa mælinga og meðal annars kemur fram að rúmþyngd mismunandi fillargerða er talsvert mismunandi og þar sem filler er vigtaður inn í blöndurnar, hefur það áhrif á rúmmál hans í blöndunni og þar með eiginleika hennar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið boðaði hagsmunaaðila á fund í október 2016, um hvernig og hvort nýta megi malbikskurl sem safnast þegar gamalt slitlag er fræst upp. Í framhaldi af því gerði Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas tilraunir með að blanda kurli í mismunandi magni í burðarlagsefni og leggja það út á plan hjá sér. Gerðar voru burðarþolsmælingar (plötupróf) á útlögðum köflum og var niðurstaðan sú að allt að 40% íblöndun muni hvorki skerða burðarþol né þjöppun burðarlagsins svo nokkru nemi.

Varðandi notkun á hitamyndavélum, kemur fram að innleiðing hennar hafi ekki gengið sem skildi. Í skýrslunni er hins vegar greint frá samanburði á hitamyndum og staðsetningu gropinna svæða á nýlögðu malbiki. Fram kom samræmi þar á milli og styður það fyrri hugmyndir um að vel megi nýta vélarnar til að fylgjast með, meðan á útlögn stendur.